# Byggingarbréf

til handa Jóhanni Ísak Jónssyni fyrir hjáleigunni Víðimýrarseli í Seiluhrepp

Þorvaldur Arason
bóndi á Víðimýri í Seiluhrepp

Geri kunnugt, að eg byggi Jóhanni Ísak Jónssyni eignarjörð mína, hjáleiguna Víðimýrarsel, sem er 5,3 hdr. að dýrleika, með skilmálum þeim, er hér segir.

1. gr.

Í landskuld af jörðunni skal hann greiða í fardögum ár hvert 3 (þrjá) sauði vetrgamla, gelda og gallalausa og að öllu í góðu lagi

2. gr.

Hann skal greiða alla skatta og skyldur, er á jörðunni hvíla samkvæmt lögum þeim, er nú gilda, eða síðar kunna sett að verða, og halda uppi öllum lögskilum af henni; landsdrottni kostnaðarlaust að öllu.

3. gr.

Hann skal rækta vel tún jarðarinnar, og auka það út, að minsta kosti; um 50 □ faðma slétta á ári hverju og hirða það sem best. Engjar skulu honum á þessu vori vera úthlutaðar af tveimur óvilhöllum mönnum. Kýs leiguliði annan en landsdrottinn hinn. Beitiland hefir hjáleigan óskipt með Víðimýri tiltölulega, og ber leiguliða að verja það eftir megni fyrir óviðkomandi peningi.

4. gr.

Við húsum þeim er jörðunni fylgt hafa tekur hann með álagi því, er gert kann að verða, enda skilar þeim við burtför sína, eða bú

hans, í fullgildu standi; eða þá með álagi fullu eptir mati úttektarmanna. Eigi hann þá hús á jörðunni, eða fyrningar heys eða eldaneytis o.s.frv. fer um það sem segir í lögum um ábúð og úttekt jarða 12. januar 1884, 9. og 10. gr.

5. gr.

Hann má ekki byggja öðrum af leigujörð sinni, né taka húsfólk, nema landsdrottinn leyfi

6. gr.

Landsdrottni er heimilt að láta hús þau standa, er nú eru á Víðimýrarseli og notuð hafa verið frá Víðimýri, [og nota þau] á hvern hátt er hann vill. Hús má hann og byggja þar til afnota, en þó eigi innan túns.

7. gr.

Með þessum skilmálum er Jóhanni Isak Jónssyni heimil ábúð á hjáleigunni Víðimýrarseli í fimm ár, en bregði hann af þeim í nokkru hefir hann fyrirgert ábúðarrétti sínum. Vili hann fara frá jörðunni áður en ábúð hans er á enda, skal hann segja lausu fyrir jól næsta á undan þeim fardögum, er hann ætlar að flytja burtu.

8. gr.

Að öðru leyti fer um skyldur og réttindi landsdrottins og leiguliða eins og áðurnefnd lög 12. jan. 1884 mæla fyrir.

9.

Af byggingarbréfi þessu eru gerð tvö samhljóða frumrit, og heldur landsdrottinn öðru en hitt afhendist leiguliða.

Eg undirskrifaður Jóhann Isaka Jónsson geng að framanskrifuðum skilmálum og skuldbind mig að halda þá í öllum greinum

Vottar:

Víðimýri 24. júní 1897

Þorvaldur Arason